


OECD *Multilingual Summaries*

OECD Business and Finance Outlook 2016

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/9789264257573-en](https://doi.org/10.1787/9789264257573-en)

Horfur í viðskiptum og fjármálum innan OECD 2016

Útdráttur á íslensku

Aðalefni þessarar útgáfu Horfa í viðskiptum og fjármálum innan OECD er sú sundrun og það misræmi í stefnumiðum, reglum og starfsvenjum í atvinnugreinum, sem virðist standa hagkvæmni í viðskiptum og vexti í framleiðni fyrir þrifum. Þessu sér stað á öllum stigum heimshagkerfisins, allt frá þjóðhagfræðilegum þáttum til svæðisbundinna og rekstrarhagfræðilegra þátta og lagalegra atriða.

Sundrun í heimshagkerfinu: fjármálamarkaðir og framleiðni

Heimshagkerfið er í járnnum vegna mótvinds úr tveimur áttum: annars vegar hefur ofursveiflan á hinum fjárfestingafreka hrávörumarkaði snúist við og hins vegar er bataúrfaan í þróuðum hagkerfum „L-laga“ vegna afleiðinga fjármálakreppunnar og samspils endurupptöku regluverks og lágra og neikvæðra vaxta. Sýnt er að eðlilegt vaxtastig og sjálfbær endurheimt á virði eigna mun velta á því hvor eftirfarandi sviðsmynda verður ofan á í heiminum: annars vegar stefna um "verðbólgu fyrst", sem seðlabankar aðhyllast, og að komist verði hjá fasa „skapandi eyðileggingar“ til þess að takast á við offjárfestingu og umframafkastagetu í tilteknum greinum og löndum, eða hins vegar stefnu um „framleiðni fyrst“ sem flýttir fyrir kerfislægri aðlögun.

Best væri sviðsmynd þar sem hin takmarkaða heildarframleiðniaukning eftirhrunsáranna batnar. Virðisaukagögn félaga og atvinnugreina meira en 11.000 af stærstu skráðu félögum heims úr 20 mismunandi atvinnugreinum utan fjármála- og fasteignageirans eru notuð til þess að greina framleiðni á fyrirtækjastigi og benda á leiðir sem setja þarf í forgang til þess að bæta hana. Framlag þessara fyrirtæka til framleiðniaukningar er á afar þröngu sviði innan hverrar atvinnugreinar, sem er til marks um hæga dreifingu batans um efnahagskerfið allt. Besta frammistaðan er studd af tilteknum fjárhagslegum ákvörðunum félaga varðandi fjárbindingu, sölur, arðgreiðslur og endurkaupastefnu, gjaldfærslu rannsóknna og þróunarstarfs, skuldir á móti eigin fé og samruna og yfirtökur.

Sundrun í atvinnugreinum og á stigi fyrirtækjarekstrar

Rannsóknir og þróunarstarf (R&P) eru meðal mikilvægustu þátta sem stuðla að aukningu framleiðni og dreifingu hennar um efnahagskerfið. Því gegnir opinber stefnumótun á því sviði mikilvægu hlutverki. Skattaívilnunum og skattastefnu ætti að beina að tilgreindum hindrunum og samlegðarmöguleikum til þess að greiða fyrir æskilegri fjárfestingu í nýsköpun og rannsóknum og þróun. Skattaívilnanir þarf að hugleiða í samhengi við almenna skattastefnu í viðkomandi landi, nýsköpunarstefnu á breiðum grunni og önnur stefnumið á sviði R&P. Aukin rannsóknar- og þróunarstarfsemi stuðlar ekki endilega að heildarukningu nýsköpunar í heiminum ef henni er einungis hliðrað frá einu landi til annars.

Skipulagsbreytingar í kauphallarstarfsemi hafa m.a. leitt til sundrunar verðbréfamarkaðarins með fjölgun viðskiptavettvanga sem líkjast kauphöllum, á borð við hliðstæð viðskiptakerfi (e. alternative trading systems) og markaðstorg fjármálagerninga, svo og til aðskilnaðar milli hulinna viðskipta (e. dark trading) og opinberra viðskipta (e. lit trading). Á grundvelli gagna frá fyrirtækjum eru settar fram tölur um hlutfallslega dreifingu hlutabréfaviðskipta milli mismunandi viðskiptavettvanga, svo og um mismunandi einkenni viðskipta, svo sem umfang kaupna, áherslur félaga og heildarveltu hulinna og opinberra viðskipta.

Ein mikilvæg grein þar sem taka þarf á markaðssundrun er hrein orka. Aukning fjárfestingar í endurnýjanlegri raforku er mikilvæg til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í orkugeiranum og er að sama skapi mikilvæg til þess að efna Parísarsamkomulagið frá 2015 um loftslagsbreytingar. Þrátt fyrir vaxandi samkeppnishæfni að því er varðar kostnað er heildarfjárfesting í endurnýjanlegri orku í fjöðrum opinberrar stefnu og markaðshindrana. Þessar hindranir koma í veg fyrir viðunandi fjölda verkefna sem unnt er að fjármagna og þær hafa áhrif á viðhorf til ávöxtunar af raforkuverkefnum miðað við áhættu.

Loks veldur munur á lífslíkum við eftirlaunaaldur í mismunandi þjóðfélags- og tekjuhópum vandkvæðum fyrir váttryggingafélög og lífeyrissjóði, sem og opinbera stefnumótun. Vísbendingar frá völdum löndum OECD, sem grundvallast á mælingum á menntun, tekjum og starfsgreinum, sýna að fólk í hærri þjóðfélagsstöðum lifir lengur en fólk í lægri stöðunum og þessi munur kann að vera að aukast með árunum. Þetta gerir erfiðara fyrir lífeyrissjóði og váttryggingafélög að stýra langlífisáhættu. Hins vegar veitir það líka tækifæri til að sniða starfslokaáætlanir betur að þörfum mismunandi þjóðfélagshópa. Stefnumótendur þurfa að tryggja að reglur sem gilda um aðgang að lífeyri og lífeyrissparnaði valdi því ekki að fólk í lægri þjóðfélagsstigum standi höllum fæti.

Sundrun lagaumhverfis milli landa

Breytileiki laga og lagakerfa milli landa veldur óþarfri sundrun í efnahagsumhverfinu þar sem sams konar starfssemi fær mismunandi meðferð. Eitt svið þar sem þetta er til vandræða er erlendar mútur. Víða eru refsingar vægar og erlendar mútur kunna því að vera álitleg fjárfesting. Annars staðar liggja hörð viðurlög við mútum, þótt framfylgd sé ekki alls staðar skilvirk. Þessi bútasumur hvatningar og latningar er kannaður með hermum sem sýnir „núvirði“ „fjárfestinga í erlendum mútum“ þar sem forsendur eru gefnar varðandi bæði vissu og óvissu. Hermunin sýnir að sektir við mútum eru víða of lágar.

Annað svið þar sem lagaumhverfi veldur sundrun er fjárfestingarsamningar milli ríkja. Þetta eru samningar milli tveggja eða fleiri ríkisstjórna sem bjóða venjulega erlendum fjárfestum, sem undir samninginn heyra, vernd fyrir fjárfestingar þeirra frá athæfi gestgjafaríkisstjórnar sem brýtur gegn samningnum, svo sem bóttalausri eignaupptöku, mismunun eða meðferð sem er ekki „réttmæt og sanngjörn“. Hin einstaka samsetning reglna sem beitt er samkvæmt mörgum fjárfestingasamningum milli ríkja, þ.m.t. reglur um tegundir tjóns sem hluthafar, sem samningurinn tekur til, geta fengið bætt og skaðabæturnar sem sömu hluthöfum standa til boða vegna krafna á hendur ríkisstjórnnum, veldur því að til verða mismunandi flokkar hluthafa með mismunandi réttindi. Þetta kann að hafa óheppilegar afleiðingar þar sem hluthafar sem falla undir samninginn geta tekið eignir út úr félagi sínu til tjóns fyrir kröfuhafa félagsins og aðra hluthafa.

Helstu niðurstöður og ályktanir

Slökun í peningamálum hefur náð endamörkum sem aflvaki mesta hluta efnahagslífs heimsins. Lykillinn að betri frammistöðu er skipulagsumbætur á breiðu sviði stefnumótunar í því skyni að draga úr þeirri sundrun sem stendur í vegi fyrir góðri afkomu og framleiðni fyrirtækja. Það mun stuðla að þarfri fjárfestingu í vaxandi atvinnugreinum, svo sem á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, nú þegar ofursveiflan á hrávörumarkaði er að snúast við, og örva jafnframt nýsköpun og dreifingu þess ávinnings sem af hlýst til þess að endurvekja framleiðnivöxt eftir þá stöðnun sem varað staðið hefur í of mörg ár.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2016), *OECD Business and Finance Outlook 2016*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/9789264257573-en